



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 128/3 t1
komudagur 2.12.2002

Reykjavík, 19. nóvember 2002

R01030012

170

GE/is

Alþingi - Félagsmálanefnd

150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum, íbúafing

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn skrifstofustjóra borgarritara frá 12. þ.m. um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum, íbúafing.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Afrit:

Skrifstofustjóri borgarritara



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Kristbjörg Stephensen

Umsögn um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum, íbúáþing

Með bréfi, dags. 6. nóvember sl. óskaði félagsmálanefnd Alþingis umsagnar Reykjavíkurborgar um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum. Frestur til að skila umsögn var veittur til 20. nóvember nk.

Frumvarpið lýtur að því að í sveitarstjórnarlög komi nýtt ákvæði sem fjalli um skyldu sveitarstjórna til að standa að íbúáþingi að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili. Á þinginu skuli sveitarstjórn hlusta eftir skoðunum íbúa sveitarfélagsins og leita samráðs við þá um forgangsöröðun verkefna í tengslum við gerð langtímaframkvæmda- og fjárhagsáætlun. Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að vegna hlutverks sveitarstjórna við að tryggja góða þjónustu sé samráð við íbúana um málefni sveitarfélaga nauðsynlegt, almenningur kalli eftir auknu samráði og þá oftast um einstök málefni, s.s. á sviði skipulagsmála og skólamála. Draga megi þá ályktun af þróun mála að fulltrúalýðræði eitt og sér nægi ekki lengur til að skapa öflug, framsýn og lifandi sveitarfélög, það geti aðeins gerst með því að íbúarnir taki virkari þátt í mótun samfélagsins.

Taka má undir það sem fram kemur í greinargerðinni um aukna þörf fyrir samráð sveitarstjórna við íbúa í sveitarfélaginu enda hafa Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög í auknum mæli leitað eftir slíku samráði. Íbúáþing er hins vegar aðeins eitt form samráðs. Sem dæmi um annars konar samráð má nefna ýmiss konar hverfissamstarf, skoðanakannanir, aukið samráð í tengslum við skipulagsáskvarðanir, hverfafundi auk þeirra möguleika sem veraldarvefurinn býður upp á. Í ljósi sjálfsforræðis sveitarfélaga á sínum málum er eðlilegra að sveitarstjórnir ákveði sjálfar með hvaða hætti þær vilja hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins og leggi mat á hvaða samráðsform hentar hverju sinni.

Nú þegar eru nægar heimildir að lögum fyrir sveitarstjórnir til að hafa samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Vakin er athygli á að ákvæði 104. gr. sveitarstjórnarlaga heimilar sveitarstjórnnum að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og að boða til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins. Jafnframt er kveðið á um skyldu til að halda

almennan borgarafund ef 1/4 hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess. Ekki hefur verið talið að ákvæðið komi í veg fyrir annars konar samráð en á vettvangi almennra borgarafunda. Ákvæðið tekur fyrst og fremst á því hvaða áhrif almennur borgarafundur getur haft á ákvarðanir sveitarstjórna.



Kristbjörg Stephensen